



14. fundur stjórnar Markaðsstofu Suðurlands var haldinn kl. 9:00 föstudaginn 26. júní 2020 og er haldinn í Fjölheimum.

Fundinn sátu:

Dagný H. Jóhannsdóttir, framkvæmdastjóri Markaðsstofu Suðurlands  
Björg Árnadóttir, fulltrúi Visit South Iceland ehf  
Grétar Ingi Erlendsson, fulltrúi Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga  
Ása Valdís Árnadóttir, fulltrúi Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga  
Kristín Ýr Hrafnkelsdóttir, fulltrúi Ferðamálasamtaka Suðurlands  
Kristín Jóhannsdóttir, fulltrúi Ferðamálasamtaka Suðurlands  
Ólafur Páll Vignisson, fulltrúi Ferðamálafélags Austur-Skaftafellssýslu  
Ragnhildur Sveinbjarnardóttir, verkefnastjóri Markaðsstofu Suðurlands

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Ragnhildur Sveinbjarnardóttir.

Forfallaðir:

Eva Björk Harðardóttir, áheyrnarfulltrúi SASS

Dagskrá:

#### **Yfirferð og undirritun ársreiknings**

Farið var yfir ársreikning 2019 og er niðurstaða hans neikvæð. Skýrist það að mestu af auknum kostnaði við markaðssetningu og flæði verkefna milli tekjuára. Stjórn samþykkir samhljóða ársreikinginn 2019 og undirritar hann.

#### **Aðildargjöld – hvernig skal útfæra aðildargjöld í ár?**

Umræða um möguleika varðandi aðildargjöld fyrirtækja í ár og hvað er verið að gera í öðrum landshlutum. Ákveðið er að breyta ekki gjaldflokkum fyrir innheimtu aðildargjalda í ár en fella út allar aukaskráningar og lengja greiðslufrest fram í haustið.

#### **Samningur við KPMG**

Framkvæmdastjóri skrifar undir samninginn um staðfestingu um aðstoð KPMG við gerð ársreiknings árið 2019 og skilar til KPMG með ársreikningi.

**Sumarleyfi / lokanir**

Skrifstofan verður lokuð 4.-7. ágúst vegna sumarleyfa.

**Vitaleiðin**

Nýja ferðaleiðin, Vitaleiðin, verður formlega opnuð þann laugardaginn 15. ágúst og mun stjórn fá boð á viðburð tengdan því.

**Næsti stjórnarfundur**

Ákveðið var að halda næsta stjórnarfund miðvikudaginn 2. september, kl. 10.

**Ársfundur**

Ákveðið var að halda ársfundinn fimmtudaginn 17. september í Hveragerði og hafa 1-2 erindi í lok aðalfundar ásamt stuttri ferð um nágrennið.

Fundi slitið 10:30